

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Þorlákshafnar.

### 1. Almenn.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar.

### 2. Varmaorka.

#### 2.1 Fast gjald.

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:

A:	15 mm til 20 mm	6.574 kr./ár
B:	25 mm til 50 mm	13.730 kr./ár
C:	65 mm og stærri	27.834 kr./ár

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

#### 2.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lëkkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxa annan en IHI, Almenn heitavatnsnotkun.

#### IHI. Almenn heitavatnsnotkun 54,60 kr./m<sup>3</sup>

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

#### IH2. Almenningsundlaugar 16,40 kr./m<sup>3</sup>

Taxtinn gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

#### IH3. Gróðurhús 27,30 kr./m<sup>3</sup>

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

#### IH4. Sundlaugar 27,30 kr./m<sup>3</sup>

Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

#### IV2. Fiskeldi 27,30 kr./m<sup>3</sup>

Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

#### IV3. Íþróttvelli 41,00 kr./m<sup>3</sup>

Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttvelli utandyra.

#### IV4. Iðnaðarvatn 27,30 kr./m<sup>3</sup>

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar.

#### IV5. Snjóbræðsla, framrásarvatn.

Fastagjald: 83.502 kr./ári      Þetta er þrefalt fast gjald fyrir 65 mm mæli eða stærri.

SR1	27,30 kr./m <sup>3</sup>	-50% útihiti hærrí en -5°C.
SR2	81,90 kr./m <sup>3</sup>	+50% útihiti -5°C eða lægri.

**IV6. Snjóbræðslukerfi, bakrásarvatn.**

Tvöfalt dreifikerfi fyrir hendi:	árgjald 22 kr./m <sup>2</sup>
Hitaveitan kostar sérstakt dreifikerfi:	árgjald 88 kr./m <sup>2</sup>

**3. Önnur gjöld.***3.1 Heimæðagjöld***H1H. Heitt vatn.**

Málstærð	kr.
20 mm	49.400
25 mm	102.900
32 mm	157.400
40 mm	319.000
50 mm	534.000
65 mm	1.072.200
80 mm	2.148.500
Tengigrind	5.350

<i>3.2 Álestrargjald.</i>	kr.
Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.180

<i>3.3 Innheimtugjald.</i>	
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.800

<i>3.4 Seðilgjald</i>	200
-----------------------	-----

<i>3.5 Vanskilatilkynning.</i>	
Gjald vegna tilkynningar um vanskil	450

<i>3.6 Ítrekunargjald.</i>	
Ítrekunartilkynning vegna vanskila	900

**4. Orkureikningar.***4.1 Orkureikningar.*

Notkunargjöld verða krafín mánaðarlega, en heimilt er að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Við verðbreytingar á orku og fastagjöldum skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar verðskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Byggja má orkureikninga á áætlun um orkunotkun viðskiptavinar og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun.

Orkunotkun skal sannreyna u.þ.b. árlega. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Viðskiptavinur getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við mælda notkun. Enn fremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orku-notkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal að jafnaði senda viðskiptavini á notkunarstað.

Heimilt er að beita rafrænni greiðslumiðlun til greiðslu á reikningum að ósk viðskiptavinar. Í þeim tilfellum skal senda viðkomandi viðskiptavini yfirlit um skuldfærslur og notkun árlega.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða uppgjörsreikning, má innheimta dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags, auk kostnaðar sem af innheimtu kröfunnar hlýst.

Heimæðargjald er gjaldfært þegar lagningu heimæðar er lokið.

#### 4.2 *Verðbreytingar og gildistími.*

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá 1. apríl 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 894, 20. desember 1999.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. mars 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Þorgeir Örlygsson.*